

# Upplýsingar um lykilmjáfrest



Þetta skjal inniheldur upplýsingar um lykilmjáfresta í sjóðnum. Það er ekki ætlað til markaðssetningar. Upplýsingarnar er samkvæmt lögum til að upplýsa um eðli og áhættu þess að fjárfesta í sjóðnum. Mælt er með því að þú lesir skjalið svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort eigi að fjárfesta.

## Vanguard European Stock Index Fund (á „Sjóðurinn“)

Undirsjóður Vanguard Investment Series Plc

EUR Acc

ISIN: IE0007987708

Manager: Vanguard Group (Ireland) Limited („VGIL“)

## Markmið og fjárfestingarstefna

- Sjóðnum er stýrt óvirk – eða vísitölumiðað – við fjárfestingar og leitast er við að ná langtíma ávöxtun höfuðstóls með því að fylgja afkomu vísitölnnar MSCI Europe Index („vísitalan“).
- Vísitalan samanstendur af hlutabréfum í stórum og meðalstórum fyrirtækjum á þróðum mörkuðum í Evrópu.
- Sjóðurinn leitast við að:
  - Fylgja vísitölnni með því að fjárfesta í öllum félögum vísitölnnar í sama hlutfalli og vísitalan. Þegar ekki telst hagkvæmt að líkja eftir henni mun sjóðurinn nota úrtökuférl.
  - Fjárfesta að fullu nema við sérstakar markaðsaðstæður, vegna stjórn málaástands eða svipaðra aðstæðna.
- Sjóðnum er heimilt að nota afleiður til að draga úr áhættu eða kostnaði og/eða afla aukatekna eða vaxtar. Notkun afleiðna gæti aukið eða dregið úr útsetningu gagnvart undirliggjandi eignum og haft í för með sér meiri sveiflur á hreinni eign sjóðsins. Afleiða er fjárhagslegur samningur sem byggir á virði fjáreignar (svo sem hlutar, skuldabréfa eða gjaldmiðils) eða markaðsvísitölu.
- Gjaldmiðill hlutabréfaflokksins er EUR.
- Sjóðurinn fjárfestir í verðbréfum sem eru í öðrum gjaldmiðlum en gjaldmiðli hlutabréfaflokksins. Breytingar á gengi gjaldmiðla geta haft áhrif á ávöxtun.
- Sjóðurinn kann að stunda örugg lán fjárfestinga til tiltekinna þriðju aðila sem eru til þess hæfir. Þetta er notað sem aðferð til að mynda viðbótartekjur og til að jafna kostnað sjóðsins.

- Ekki er víst að sjóðurinn henti fyrir skammtímafjárfestingar.
- Tekjur af sjóðnum verða endurfjárfestar og endurspeglast í verði hluta í sjóðnum.
- Viðskiptakostnaður verðbréfasafns hefur áhrif á afkomu þess.
- Hægt er að kaupa og selja hluti í sjóðnum daglega (að undanskildum tilteknum frídögum og tilteknum takmörkunum sem eru tilteknar í viðauka 1 í útboðslýsingu) með því að senda skriflega umsókn. Tæmandi lista yfir þá daga sem ekki er hægt að selja hlutabréf má finna á <https://global.vanguard.com/portal/site/loadPDF?country=global&docId=11630>

**Frekari upplýsingar um markmið og fjárfestingarstefnu sjóðsins auk takmarkaðra tengsla við þann sem birtir vísitölna er að finna í viðauka 1 og viðauka 6 í útboðslýsingu Vanguard Investment Series plc („útboðslýsingunni“) á vefsvæði okkar, <https://global.vanguard.com>**

## Áhættu- og ávinningslýsing



<https://global.vanguard.com>

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

- Þessi vísir byggir á sögulegum gögnum og er ekki endilega áreiðanleg vísibending um áhættusnið sjóðsins til framtíðar.
- Sá áhættuflokkur sem er sýndur er ekki tryggður og hann getur breyst með tímanum.
- Lægsti flokkurinn merkir ekki „án áhættu“.
- Sjóðurinn er flokkaður sem 6 út frá eðli fjárfestinganna sem fela í sér áhættuna sem tilgreind er hér á eftir. Þessir þættir geta haft áhrif á verðmæti fjárfestinga sjóðsins eða leitt til þess að sjóðurinn verði fyrir tapi.
  - Daglegar hreyfingar á hlutabréfamarkaði geta haft áhrif á verðmæti eigin fjár og verðbréfa sem tengjast því. Aðrir áhrifaþættir eru meðal annars fréttir í stjórnmálum og efnahagsmálum, arðsemi fyrirtækja og þýðingarmiklir atburðir hjá fyrirtækjum.
  - Breytingar á gengi gjaldmiðla geta haft neikvæð áhrif á ávöxtun af fjárfestingu þinni.
  - Fjárfestingaráhætta miðast við tiltekna atvinnugeira, lönd, gjaldmiðla eða fyrirtæki. Þetta þýðir að sjóðurinn er viðkvæmari fyrir hvers kyns atburðum í efnahagsmálum, á markaði, í stjórnmálum eða stjórnsýslu á hverjum stað.

### Í mælikvarðanum fyrir áhættu og ávinning er ekki tekin til greina eftirfarandi áhætta af fjárfestingu í sjóðnum:

- Mótaðilaáhætta. Sjóðurinn kann að verða fyrir fjárhagstjóni vegna ógjaldfærni hvers kyns þjónustustofnana sem sinna vörslu eigna eða hlutverki mótaðila fyrir afleiður eða aðra fjármálagjörnina.
- Lausafjáraáhætta. Lægri lausafjárstaða þýðir að ekki eru nægilega margir kaupendur eða seljendur til að heimila sjóðnum að selja eða kaupa fjárfestingar auðveldlega sem gæti valdið því að sjóðurinn þurfi að greiða meiri kostnað við kaup eða sölu á fjárfestingum eða að sjóðurinn geti ekki selt eða keypt fjárfestingar þegar hann óskar þess.
- Áhætta af vísitöluviðmiðun. Ekki er gert ráð fyrir því að sjóðurinn fylgi vísitölnni ávallt nákvæmlega. Hins vegar er gert ráð fyrir að sjóðurinn skili árangri af fjárfestingu sem almennit samsvarar verð- og ávöxtunarárangri vísitölnnar, fyrir útgjöld.
- Áhætta vegna úrtaks vísitölu. Þar sem sjóðurinn notast við aðferð til að velja lýsandi úrtak úr vísitölnni fyrir verðbréf til að endurspeglja vísitölna er hættu á að verðbréfin sem valin eru fyrir sjóðinn séu samanlagt ekki sambærileg við vísitölna í heild.

**Frekari upplýsingar um áhættu er að finna í hlutanum „Risk Factors“ (áhættuþættir) í útboðslýsingunni á vefsvæði okkar,**

## Kostnaður

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu. Þessi gjöld draga úr mögulegum vexti fjárfestingar þinnar.

Eingreiðslukostnaður fyrir eða eftir að þú hefur fjárfest	
Kostnaður við kaup	Ekkert
Innlausnargjald	Ekkert
Þetta er það hámark sem hægt er að taka út af fjármunum þínum áður en þeir eru notaðir til fjárfestingar / áður en hagnaður af fjárfestingunni er greiddur út.	
Gjöld sem dregin eru frá sjóðnum á ársgrundvelli	
Áframhaldandi kostnaður	0.12%
Gjöld sem dregin eru frá sjóðnum við sérstakar aðstæður	
Ávöxtunargjald	Ekkert


Upphafs- og lokagjaldið sem fram kemur er hámarksupphæð og í einhverjum tilfellum kann það að vera lægra.

Fjárfestar geta fengið upplýsingar um færslu- og innlausnargjald hjá fjármálaráðgjafa sínum.

Upphæð áframhaldandi gjalda er byggð á kostnaði fyrir árið sem lauk 31. desember 2020. Þessi upphæð getur verið breytileg frá ári til árs. Upphæðin innifelur ekki færslukostnað vegna eignasafnsins.

**Nánari upplýsingar um gjöld er að finna í köflunum „Buying Shares“, „Redeeming Shares“, „Fees and Expenses“ í viðauka 1 og „Swing Pricing“ í viðauka 2 í útboðslýsingu á vefsetri okkar <https://global.vanguard.com>**

## Fyrri ávöxtun



### Fyrri árangur:

- Er ekki áreiðanleg vísibending um framtíðarárangur.**
  - Felur í sér áframhaldandi gjöld og endurfjárfestingu tekna. Hann felur ekki í sér upphafs- og lokapóknun.
  - Hefur verið reiknaður í EUR.
- Hlutabréf í sjóðnum voru fyrst gefin út þann 1998. Sala hlutabréfaflokksins hófst þann 2000.

## Hagnýtar upplýsingar

- Vörsluaðili:** Vörsluaðili Vanguard Investment Series plc („VIS“) er Brown Brothers Harriman Trustee Services (Ireland) Limited.
- Skjöl, verð hlutabréfa og frekari upplýsingar:** Þú getur fengið afrit af útboðslýsingu og síðustu ársskýrslu eða hálfárslegu skýrslum og reikningum fyrir VIS, ásamt síðasta birta verði hlutabréfa og öðrum upplýsingum um sjóðinn, ókeypis, frá Vanguard Investment Series plc c/o Brown Brothers Harriman Fund Administration Services (Ireland) Limited, 30 Herbert Street, Dublin 2, D02 W329, Ireland eða á vefsvæði okkar, <https://global.vanguard.com>. Skjölín eru aðeins í boði á ensku.
- Undirsjóðir:** VIS er regnhlífarsjóður með aðskilda áhættu milli undirsjóða. Þetta merkir að eignaraðild sjóðsins er aðskilin eignaraðild í öðrum undirsjóðum VIS samkvæmt írskum lögum og að sérhverjar kröfur gagnvart öðrum undirsjóðum VIS munu ekki hafa áhrif á fjárfestingu þína í sjóðnum.
- Verð:** Síðasta verð eininga í sjóðnum sem birt hefur verið er einnig að finna á vefsetri FT [www.ft.com](http://www.ft.com) eða <https://global.vanguard.com>
- Hlutabréf:** Þú getur skipt á hlutabréfum þínum í sjóðnum og hlutabréfum í öðrum undirsjóðum VIS. Skráningargjald kann að eiga við. Upplýsingar um skipti er að finna í útboðslýsingu.
- Ábyrgð:** VGIL ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta útboðslýsingar fyrir þennan sjóð.
- Birtingaraðili vísitölnnar:** Sjóðurinn er ekki kostaður, studdur eða kynntur af MSCI og MSCI ber enga ábyrgð að því er varðar sjóðinn eða viðmiðið. Sjá frekari upplýsingar í útboðslýsingu.
- Tax:** VIS heyrir undir skattalög í Írlandi. Þetta gæti haft áhrif á einstaklingsbundna skattastöðu þína, eftir því hvert búsetuland þitt er. Mælt er með því að þú hafir samband við skattaráðgjafa þinn.
- Starfskjarastefna:** Upplýsingar um starfskjarastefnu VGIL er að finna á <https://global.vanguard.com/portal/site/portal/ucits-investment-information>, þ.m.t. (a) lýsingu á útreikningi þóknana og hlunninda; og (b) hverjir eru ábyrgir fyrir úthlutun þóknana og hlunninda. Hægt er að fá útprentað afrit af þessum upplýsingum, án endurgjalds, hjá VGIL, 70 Sir John Rogerson's Quay, Dublin 2, Írlandi.